

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. janúar 2024, vegna auglýsingar á tillögu að nýju deiliskipulagi Laufásvegar 19 og 21-23 og Þingholtsstrætis 34.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Laufásveg 19 og 21-23 og Þingholtsstrætis 34 birtist í Morgunblaðinu á morgun þ.e. fimmtudaginn 11. janúar 2024. Tillagan er í kynningu frá 11. janúar 2024 til og með 22. febrúar 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

**Laufásvegur 19 og 21-23 og Þingholtsstrætis 34**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 21. desember 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Laufásvegar 19 og 21-23 og Þingholtsstrætis 34. Í tillögunni sem lögð er til felst breyting á notkun húsnæðis sem áður hýsti sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg 21-23 ásamt skrifstofum á baklóð Laufásvegar 19 í íbúðarhúsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Húsnæðið verði eingöngu nýtt til þessarar nota og óheimilt að leigja það út á almennum markaði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30-16:00 og föstudaga kl. 8:30-14:30 frá **11. janúar 2024 til og með 22. febrúar 2024**. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 22. febrúar 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).



**Með kveðju,  
Helena Stefánsdóttir**

Verkefnastjóri

Sími: +354 411 1111

Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.